



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2012



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA 2012

Ársskýrsla 2012
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
2013/9
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Nauðsynlegt að meta reglulega starfsemi Jöfnunarsjóðs

Í sjötta sinn efnir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til ársfundar þar sem ársskýrsla er kynnt og greint frá helstu þáttum í starfseminni framundan. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir í dag mikilvægu hlutverki í rekstri sveitarfélaga og er stór þáttur í fjárhag margra sveitarfélaga. Það er því nauðsynlegt að staldra við og meta starfsemi hans og þýðingu reglulega.

Um nokkurt skeið hefur staðið yfir endurmat á öllu regluverki Jöfnunarsjóðs og margt athyglisvert komið fram um breytingar á regluverkinu. Nokkur mikilvæg skref hafa verið stigin, en þetta er flókið og umfangsmikið verkefni og því er ekki óeðlilegt að vinna þessi taki sinn tíma. Engu að síður er nauðsynlegt að halda þessari vinnu markvisst áfram í þá átt að einfalda og lagfæra regluverkið.

Tilgangur Jöfnunarsjóðs er að jafna aðstöðumun sveitarfélaga á sanngjarnan og skilvirkan hátt með hliðsjón af útgjaldapörf sveitarfélaga og tekjumöguleikum þeirra. Jafnframt þarf að tryggja að regluverk sjóðsins virki ekki hamlandi á þróun sveitarstjórnarstigsins, svo sem varðandi sameiningar eða samstarf sveitarfélaga. Eins er mikilvægt að innbyggðir séu hvatar til að nýta opinbert fé á eins góðan og markvissan hátt og kostur er. Þetta er sá boðskapur sem ég vil koma á framfæri við áframhaldandi vinnu að heildarendurskoðun á öllu regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í lokin þakka ég ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf og óska þeim velfarnaðar.



*Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra*

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Innanríkisráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er fimm manna ráðgjafarnefnd.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til innanríkisráðherra um úthlutanir framlaga úr sjóðnum önnur en bundin framlög.

Ráðgjafarnefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri í Fjarðabyggð, er formaður nefndarinnar á yfirstandandi kjörtímabili en hann hefur gegnt embætti formanns frá ársbyrjun 2008. Fulltrúar Sambandsins í nefndinni eru þau Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði, Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað og Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður og sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi.

Hermann Jón Tómasson baðst lausnar frá störfum í ráðgjafarnefndinni veturinn 2012 – 2013 vegna námsdvalar erlendis. Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og varamaður Hermanns í nefndinni, tók sæti hans í nefndinni á þeim tíma að beiðni ráðuneytisins.

Ráðgjafarnefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en sjaldnar að sumri til. Á árinu 2012 hélt nefndin 11 bókaða fundi.

Í ársbyrjun 2012 var tekin upp sú nýbreytni að birta fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar á vef sjóðsins undir jofnunarsjodur.is/starfsemi/fundargerdir. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga betur um starfsemi sjóðsins, tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutanir framlaga og um umfjöllun og afgreiðslu þeirra erinda er berast sjóðnum.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn í fimmta sinn 26. september 2012 á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík.

Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, flutti ávarp á fundinum. Í ávarpi sínu lét ráðherra þess getið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga væri nauðsynlegur vettvangur umræðu og samskipta milli ríkis og sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaganna. Ráðgjafarnefnd sjóðsins gegndi þar stóru hlutverki og væru fjórir af fimm fulltrúum hennar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Segja mætti að nefndin væri eins konar brú á milli ríkis og sveitarfélaga. Þá kom ráðherra inn á umfangsmikið starf sjóðsins sem færi vaxandi ár frá ári. Nú síðast með jöfnunaraðgerðum í kjölfar yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks og tímabundnu verkefni er tengist eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins en á árinu 2011 hefðu um 29 milljarðar kr. runnið í gegnum sjóðinn. Ráðherra sagði það umhugsunarvert að í dag rynni kringum þriðjungur af heildarútgjöldum hins opinbera um sveitarstjórnarstigið og væri Jöfnunarsjóður óumdeilanlegur vettvangur til að jafna aðstöðumun sveitarfélaganna.

Í lok ávarps síns gerði ráðherra grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að höfðu samráði við formann stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga að ráða sérfræðing tímabundið til starfa hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að hraða vinnu við framkvæmd tillagna starfshóps sem annaðist heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2009 – 2010. Mæltist sú ákvörðun ráðherra vel fyrir hjá fundarmönnum.

Auk ávarps ráðherra og kynningar á ársskýrslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2011 fjallaði Guðni Geir Einarsson sérfræðingur um meginhlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem einkum fælist í því að selja þær eignir sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefði haft umsjón með fyrir flutning málaflokksins til sveitarfélaganna. Kristján Jónasson, formaður reikningsskila- og upplýsinganefndar, fjallaði um reikningsskil sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks og þau vandamál sem þar hefðu skapast sem þyrfti að leysa, sbr. álit nefndarinnar frá því í mars 2012. Sigurður Helgason ráðgjafi fjallaði um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlaða og gerði grein fyrir þeim þremur valkostum sem til staðar væru til að bregðast við vandamálum vegna reikningsskila sveitarfélaganna. Taka þyrfti afstöðu til þeirra.

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa

Árlegur fundur ráðgjafarnefndar sjóðsins með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga var haldinn 30. nóvember 2012.

Á fundinum fjallaði Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um stöðu mála hvað varðar samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins. Halldór V. Kristjánsson sérfræðingur gerði grein fyrir framkvæmd verkefnisins hjá Jöfnunarsjóði og nauðsyn þess að taka upp markvissari úthlutunarreglur. Hulda Karen Daníelsdóttir, verkefnastjóri og kennsluráðgjafi, gerði grein fyrir þeim verkefnum sem hún hefði unnið að á árinu í samvinnu við sveitarfélög og varða kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Elín Pálsdóttir forstöðumaður fjallaði um aðkomu Jöfnunarsjóðs að rekstri leikskóla og framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Fundur aðal- og varamanna í ráðgjafarnefnd

Í febrúar sl. komu aðal- og varamenn í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar. Í upphafi fundar ávarpaði Ögmundur Jónasson ráðherra fundarmenn og fjallaði um endurskoðun á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og mikilvægi hennar. Með nýjum starfsmanni, sem yrði ráðinn tímabundið, væri vonast til að hraða mætti vinnu við þetta mikilvæga verkefni. Undirstrikað var að leiðarljós við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs væri ávallt að nýta ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til að auka gæði jöfnunar milli sveitarfélaga.

Fram fór kynning á meginhlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, uppbyggingu sjóðsins og starfsemi hans á grundvelli laga- og reglugerðarákvæða. Fjallað var um tekjur sjóðsins og forsendur við úthlutun einstakra framlaga.

Að kynningu lokinni bauð formaður varamönnum í nefndinni að sitja áfram og fylgjast með hefðbundnum störfum nefndarinnar. Mikil ánægja var með fundinn og stefnt er að því að endurtaka hann að ári.

Starfsmenn

Á árinu 2012 voru starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fjórir í fullu starfi. Þau Elín Pálsdóttir forstöðumaður, Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur, Guðni Geir Einarsson sérfræðingur og Halldór V. Kristjánsson stjórnslufræðingur. Í maí sl. var Bergur Sigurjónsson hagfræðingur ráðinn tímabundið til starfa sem sérfræðingur hjá sjóðnum. Aðalverkefni hans er að vinna að framkvæmd tillagna starfshóps um heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs frá því í júní 2010.

Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga Framkvæmd tillagna starfshóps

Í ársbyrjun 2009 skipaði þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra starfshóp til að vinna að heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Starfshópnum var ætlað að meta gæði núverandi jöfnunarkerfis og setja fram hugmyndir um mögulega heildarendurskoðun sjóðsins þannig að tryggt verði að hann þjóni sem best markmiðum sínum. Þá átti starfshópurinn að taka mið af tillögum sem kynnu að koma fram á næstu misserum í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lögum um tekjustofna sveitarfélaga eða öðrum þáttum í starfsemi sveitarfélaga, svo sem sameiningum.

Starfshópurinn lauk störfum í júní 2010 með útgáfu á ítarlegri skýrslu. Í skýrslunni gerir starfshópurinn grein fyrir tillögum sínum að breytingum á regluverki sjóðsins og mögulegri nýrri framsetningu framlaga hans með skiptingu hans í A- og B-deild.

Í skýrslunni eru tillögur starfshópsins settar fram með þremur valkostum.

Með valkosti 1 eru settar fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á núverandi kerfi. Starfshópurinn fól ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að vinna úr þeim tillögum.

Með valkosti 2 eru til viðbótar settar fram tillögur um innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlög sjóðsins í núverandi mynd væru lögð niður og breyting gerð á útreiknaðri stærðarhagkvæmni sveitarfélaga.

Með valkosti 3 er lögð til grundvallarbreyting á núverandi jöfnunarkerfi með útfærslu á nákvæmu upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldabáttta sveitarfélaga.

Með tillögu sinni um nýja framsetningu framlaga sjóðsins með skiptingu hans í A- og B-deild leggur starfshópurinn áherslu á að gerður sé skýr greinarmunur á þeim verkefnum sjóðsins sem annars vegar eru jöfnunarverkefni og hins vegar önnur verkefni sem sjóðnum hefur verið falið að sinna. Undir A-deildina myndu falla jöfnunarframlög sjóðsins og hafa forgang umfram þau framlög sem tilheyrðu B-deildinni og eru skilgreind sem millifærslu- og endurgreiðsluframlög.

Framkvæmd tillagna

Valkostur 1

Þann 1. janúar 2011 komu til framkvæmda eftirfarandi tillögur starfshópsins að nauðsynlegum breytingum á núverandi jöfnunarkerfi, sem falla undir valkost 1:

Framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Breyting á útreikningi framlaganna felst í því að í stað þess að nota álagningarprósentu fasteignaskatts frá árinu 2000 er nú álagningarprósenta fasteignaskatts í a- og c-flokki á viðkomandi ári lögð til grundvallar við útreikning framlaganna.

Tekjujöfnunarframlög. Sett voru þau skilyrði fyrir úthlutun framlaganna að sveitarfélög fullnýti heimild sína til álagningar útsvars enda markmið með úthlutun framlaganna að bæta sveitarfélögum upp þær tekjur sem þau hafa ekki möguleika á að sækja til íbúanna en þurfa á að halda til að geta staðið undir lög- og venjubundnum verkefnum sínum.

Útgjaldajöfnunarframlög. Útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins var skipt í A- og B-hluta. Við útreikning framlaga á grundvelli A-hluta er tekið mið af viðmiðum er tengjast íbúafjölda, fjarlægðum innan sveitarfélaga, fjölda þéttbýlisstaða umfram einn, fækkun íbúa og snjómokstri í þéttbýli.

Framlög vegna íbúafækkunar. Íbúafækkunin var eina viðmið framlaganna sem ekki var tekjuskert. Tekjuhá sveitarfélög gátu því fengið framlag á grundvelli þess viðmiðs þó þau fengju ekki framlög á grundvelli annarra viðmiða útgjaldajöfnunarframlaga. Þessu var breytt og eru framlög vegna íbúafækkunar nú tekjuskert eins og framlög vegna annarra viðmiða útgjaldajöfnunarframlaga.

Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli falla undir B-hlutann og eru sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins. Framlöggin eru tekjuskert en taka ekki sömu hlutfallslegu hækkunum og önnur viðmið framlaganna. Um tvenns konar úthlutun framlaga er nú að ræða. Annars vegar á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla miðað við 1. október ár hvert. Hins vegar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum í lok hvers árs vegna íþyngjandi kostnaðar við aksturinn á árinu umfram framlög. Með þessari breytingu ná framlöggin mun betur en áður að koma til móts við raunkostnað sveitarfélaganna af akstrinum.

Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla. Við útreikning framlaganna er ekki lengur tekið mið af meðalgrunnlaunum í hverjum skóla heldur er gengið út frá því að um sömu meðallaun sé að ræða í öllum skólum landsins enda menntunarstig kennara orðið mun jafnara en áður.

Valkostur 2

Áfram unnu starfsmenn sjóðsins að mögulegum breytingum á regluverki sjóðsins á árinu 2011. Valkostur 2 var tekinn til frekari skoðunar, einkum á hvern hátt breytingar á grundvelli hans gætu komið til móts við sett markmið með heildarendurskoðuninni.

Valkostur 3

Í skýrslu sinni benti starfshópurinn á að framlög sjóðsins taki ekki með nægjanlega skýrum hætti mið af útgjaldaþörf sveitarfélaganna og lagði hópurinn til að þróað yrði nákvæmt upplýsingakerfi sem byggir á mælingu helstu útgjaldaþátta sveitarfélaga vegna lögbundinna og venjubundinna verkefna. Í nýju kerfi yrðu skatttekjur sveitarfélaganna lagðar til grundvallar jöfnunarþarfar með hliðsjón af nýrri útgjaldamælingu.

Með tilvísun til þeirrar ábendingar og tillögu starfshópsins skipaði innanríkisráðherra sérstakan vinnuhóp í mars 2011 með aðkomu Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að útfæra slíkt kerfi og er kerfinu ætlað að verða grundvöllur frekari breytinga á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Undanfarin misseri hefur vinna hópsins aðallega tekið mið af undirbúningi að smíði á slíku kerfi. Hér er um umfangsmikið og vandasamt verk að ræða.

Á grundvelli tillagna starfshópsins frá 2010 skoðaði vinnuhópurinn sérstaklega þörf einstakra sveitarfélaga fyrir framlög úr Jöfnunarsjóði að teknu tilliti til útgjaldaþarfar þeirra og mögulegra hámarksskatttekna af útsvari og fasteignaskatti. Við þá vinnu kom í ljós að sveitarfélög með mögulegar heildartekjur sem eru 50% umfram landsmeðaltal eru að fá umtalsverð framlög úr sjóðnum umfram útgjaldaþörf. Lagði vinnuhópurinn því til við ráðherra og ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að jöfnunarframlög til þeirra sveitarfélaga sem væru með það háar tekjur umfram landsmeðaltal yrðu skert um 50% á árinu 2012 og féllu alveg niður frá 1. janúar 2013.

Breyting á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010

Skerðing framlaga

Þann 1. janúar 2012 tók gildi reglugerð, nr. 1171/2011, um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010. Reglugerðin var sett á grundvelli heimildar fyrir ráðherra í 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4 frá 1995, með síðari breytingum til að setja reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Með reglugerð nr. 1171/2011 var kveðið á um að skerða skuli framlög úr sjóðnum til þeirra sveitarfélaga er hefðu mögulegar heildarskatttekjur 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna. Ákvæðið náði til framlags vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins og framlaga er tengjast yfirfærslu grunnskólans. Samkvæmt reglugerðinni nam skerðing framlaganna 50% frá og með 1. janúar 2012 en frá og með 1. janúar 2013 skyldu framlögin falla niður.

Í tengslum við framkvæmd þessarar breytingar fóru fram viðræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins um það álitamál hvort ákvæðið um skerðingu framlaga í reglugerð nr. 1171/2011 hefði næga lagastoð hvað framlögin til reksturs grunnskóla varðaði. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að lagastoð skerðingarinnar í reglugerðinni væri ekki nægilega skýr og í kjölfarið var fallið frá framangreindri skerðingu á framlögum til reksturs grunnskóla á árinu 2012.

Breyting á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995

Þann 21. desember 2012 voru afgreidd frá Alþingi lög, nr. 139/2012, um breytingu á III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Í 1. gr. laganna, nr. 139/2012, er kveðið á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hljóðar svo: *Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.*

Í lögnum, nr. 139/2012, er jafnframt kveðið á um að við 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga skuli bætast við málsliður er hljóði svo: *Í reglugerð er heimilt að kveða á um að þau sveitarfélög sem hafa heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti sem teljast verulega umfram landsmeðaltal skuli ekki njóta framlaga úr Jöfnunarsjóði, skv. d-lið 11. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna.*

Framangreindri heimild í lögnum til skerðingar framlaga var síðan fylgt eftir með breytingu, nr. 1226/2012, á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 er hljóðar svo: *Við útreikning jöfnunarframlaga, skv. d-lið 7. gr., a- og b-lið 8. gr., sbr. 12. og 13. gr. og 9. gr. skulu framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, falla niður.*

Að fenginni lagastoð sem fylgt var eftir með breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga voru greiðslur framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts, útgjaldajöfnunarframlaga og jöfnunarframlaga vegna yfirfærslu grunnskólans felldar niður frá 1. janúar 2013.

Stefnt er að því að næsti áfangi í breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga komi til framkvæmda í ársbyrjun 2015.

Endurskoðun samninga vegna yfirfærslu grunnskólans

Á árinu 2011 og 2012 fór fram endurskoðun þriggja samninga, sem gerðir voru í kjölfar yfirfærslu á málefnum grunnskólans 1. ágúst 1996, milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samningarnir tengjast allir rekstri grunnskólans.

Nýir samningar um kennslu langveikra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili utan Reykjavíkurborgar en dvelja á sjúkrahúsum í borginni og samningur um kennsluráðgjöf vegna innflytjenda á grunnskólaaldri í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg tóku gildi á árinu 2011. Samningarnir eru uppsegjanlegir með sex mánaða fyrirvara. Aðilar geta þó farið fram á að samningarnir verði endurskoðaðir í heild sinni eða að hluta til í ljósi breyttra forsendna.

Nýr samningur um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri sérskóla og sérdeilda gildir um greiðslur framlaga á árunum 2012, 2013 og 2014. Samningsaðilar gera ráð fyrir því að eigi síðar en 1. júlí 2014 verði komið til framkvæmda nýtt fyrirkomulag varðandi mat á þjónustuþörf fatlaðra barna, sem m.a. tekur til skólagöngu þeirra. Sex mánuðum áður en gert er ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag taki gildi og eigi síðar en 31. desember 2013, munu samningsaðilar koma saman og taka afstöðu til framlengingar samningsins eða gerðar nýs samnings, að teknu tilliti til þess hvenær nýtt fyrirkomulag varðandi mat á þjónustuþörf fatlaðra barna kemur til framkvæmda.

Húsaleigubætur

Tímabundnu samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur, er tók gildi 1. apríl 2008, lauk 31. mars 2010. Ekki hefur því verið í gildi formlegt samkomulag um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna húsaleigubóta frá þeim tíma. Ríkið hefur þó viðhaldið samkomulaginu með því að leggja fram fjármagn í samræmi við ákvæði þess með 60% kostnaðarpátttöku sinni í hækkun grunnfjárhæða almennra húsaleigubóta og greiðslu sérstakra húsaleigubóta.

Þann 2. september 2011 skipaði velferðarráðherra vinnuhóp sem var ætlað að vinna að undirbúningi þess að taka upp húsnæðisbætur í stað vaxtabóta og húsaleigubóta. Markmiðið með húsnæðisbótum verður að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimilin eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða.

Þann 1. janúar 2013 tók gildi reglugerð, nr. 1205/2012, um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003, með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni, sem einkum nær til tekjuskerðingarmarka, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar bótanna, eru stigin fyrstu skrefin í átt að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum.

Sá kostnaðarauki sem af framangreindri breytingu á reglugerðinni hlýst mun alfarið verða borinn af ríkissjóði. Með tilvísun til þessa fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt viðbótarframlag á fjárlögum ársins 2013 að fjárhæð 1.000 m.kr.

Ef litið er til þróunar á fjölda bótaþega milli ára sem kemur fram í töflunni hér á eftir þá er sýnilegt að sveitarfélögin áætla að um töluverða fjölgun bótaþega verði að ræða á milli árána 2012 og 2013 í kjölfar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur.

Almennar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga						
	Árið 2008	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Áætlun árið 2013
Fjöldi bótaþega						
Almennar íbúðir	4.141	6.356	7.422	7.315	7.148	8.218
Félagslegar íbúðir	3.538	3.669	3.784	4.177	4.078	3.997
Námsgarðar/heimavistir	1.912	2.081	1.993	2.076	2.170	2.561
Sambýli	515	518	513	487	490	513
Samtals bótaþegar	10.106	12.624	13.712	14.055	13.886	15.289
Raungreiðslur í m.kr.						
Almennar íbúðir	977,5	1.634,3	1.940,7	1.946,5	1.928,6	2.491,9
Félagslegar íbúðir	833,8	969,6	982,5	1.064,6	1.070,4	1.178,3
Námsgarðar/heimavistir	375,9	454,4	433,4	452,7	489,4	597,2
Sambýli	56,7	63,4	67,5	66,8	79,4	117,4
Samtals greiðslur í m.kr. á verðlagi hvers árs	2.243,9	3.121,7	3.424,1	3.530,6	3.567,8	4.384,8

Sérstakar húsaleigubætur: Þróun fjölda bótaþega og raungreiðslna sveitarfélaga					
	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011	Árið 2012	Áætlun árið 2013
Fjöldi bótaþega					
Almennar íbúðir	1.152	1.472	1.677	1.835	2.201
Félagslegar íbúðir	88	1.977	2.045	2.107	2.206
Námsháskóla/heimavistir	16	23	31	32	68
Sambýli	1	1	3	5	0
Samtals bótaþegar	1.257	3.473	3.756	3.979	4.475
Raungreiðslur í m.kr.					
Almennar íbúðir	329	400	465	506	585
Félagslegar íbúðir	21	568	592	622	627
Námsháskóla/heimavistir	3	3	4	5	7
Sambýli	0	0	0	1	0
Samtals greiðslur í m.kr. á verðlagi hvers árs	354	971	1.061	1.133	1.219

Aukaframlag

Á fjárlögum ársins 2012 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt aukaframlag að fjárhæð 350 m.kr. til að koma til móts við þau sveitarfélög sem áttu í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Að tillögu ráðgjafarnefndar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gaf innanríkisráðherra út reglur, nr. 1147/2012, um ráðstöfun aukaframlagsins.


Á grundvelli reglnanna var 175 m.kr. varið til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álftaness. Framlagið var veitt sem einn þáttur í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélagsins samkvæmt tillögum fjárhaldsstjórnar. Varið var 115 m.kr. til þeirra sveitarfélaga þar sem útreiknað skuldahlutfall var hærra en 150%. Við útreikning framlagsins var byggt á upplýsingum úr ársreikningum sveitarfélaga fyrir árið 2011. Til skerðingar kom vegna skuldahlutfalls á bilinu 150% - 250% og þar sem hlutfall veltufjár frá rekstri af heildartekjum var umfram 3%. Ef skuldahlutfall sveitarfélags var 250% eða hærra var ekki um skerðingu framlags að ræða. Varið var 60 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúápróun hafði verið lakari en hjá Reykjavíkurborg á árunum 2007-2011. Til skerðingar kom með hliðsjón af nettóskuldum sveitarfélags og að teknu tilliti til hlutfallslega hárra meðaltekna á íbúa miðað við sambærileg sveitarfélög.

Einungis kom til úthlutunar framlags ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2012 hafði verið fullnýtt af sveitarstjórn. Alls fengu 19 sveitarfélög úthlutað aukaframlagi á árinu 2012 eða 6 færri en árið áður.

Á fjárlögum ársins 2013 fær Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 74 m.kr. Framlagið rennur til Sveitarfélagsins Álftaness á grundvelli sérstaks samkomulags þar um til lokauppgjörs á fjárhagslegri endurskipulagningu í sveitarfélaginu.

Yfirlit yfir aukaframlög Jöfnunarsjóðs

í m.kr. á verðlagi hvers árs



Yfirlit á málefnum fatlaðs fólks

Þróun almennra framlaga

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða var gengið út frá því að fjárframlög vegna þjónustu við fatlaða á árinu 2011 tækju mið af framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010. Úthlutun almennra framlaga til þjónustusvæða og sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1066/2010 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 tók mið af því samkomulagi.

Á árinu 2011 námu tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af 0,95% hlutdeild hans í útsvarstofni sveitarfélaga vegna yfirlitunnar samtals 7.564 m.kr. Til viðbótar fékk sjóðurinn bein framlög frá ríki á fjárlögum ársins 2011, samtals að fjárhæð 623 m.kr., vegna veikrar stöðu útsvarstofnsins, breytingakostnaðar og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Að viðbættu framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 234 m.kr. námu tekjur Jöfnunarsjóðs vegna yfirlitunnar á málefnum fatlaðs fólks 8.421 m.kr. á árinu 2011 á greiðslugrunni. Af þeirri fjárhæð runnu um 8.090 m.kr. til almennra framlaga sjóðsins að teknu tilliti til fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011 að fjárhæð um 680 m.kr.

Ein af forsendum samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna var að unnið yrði samræmt heildarmat á þjónustubörf í málaflokknum svokallað SIS mat. Á árinu 2012 hófst innleiðing á því mati í útreikningi framlaganna.

Á grundvelli reglugerðar nr. 510/2012 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012 var útreikningur almennra framlaga með eftirfarandi hætti:

- 26,67% skiptust hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldabörf.
- 2% skiptust hlutfallslega miðað við mat á útgjaldabörf vegna biðlista.
- 6,67% skiptust hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2012.
- 64,66% skiptust hlutfallslega miðað við kostnaðarmat sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011, sem byggir á kostnaðarmati 2010.

Á árinu 2012 námu tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af 0,95% hlutdeild hans í útsvarsstofni sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar samtals um 9.039 m.kr. Til viðbótar fékk sjóðurinn bein framlög frá ríki á fjárlögum ársins 2012, samtals að fjárhæð um 847 m.kr. vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins, biðlista, breytingakostnaðar og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Framlagið vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins hafði lækkað milli ára úr 371 m.kr. í 152 m.kr. vegna sterkari stöðu stofnsins. Að viðbættu framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 518 m.kr. námu tekjur Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslunnar 10.404 m.kr. á árinu 2012 á greiðslugrunni. Af þeirri fjárhæð runnu um 9.788 m.kr. til almennra framlaga sjóðsins sem hækkuðu um 20% á milli ára.

Á árinu 2013 nema áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslunnar samtals 10.709 m.kr. Þar af er áætlað að 9.878 m.kr. renni til almennra framlaga sjóðsins. Niðurstaða mælinga á útgjaldabörf mun hafa 53,34% vægi í útreikningi framlaganna á árinu.

Á árinu 2014 lýkur innleiðingu jöfnunarkerfisins. SIS matið kemur þá inn með 80% vægi í útreikningi almennu framlaganna og áætlaður útsvarsstofn sveitarfélaganna á árinu með 20% vægi.

Við ákvörðun um innleiðingu jöfnunarkerfisins með stigvaxandi vægi mældrar útgjaldaþarfar, SIS matsins, í útreikningi almennu framlaganna er tekið mið af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna frá 23. nóvember 2010.

Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA

Notendastýrð persónuleg aðstoð við fatlað fólk hefur rutt sér mjög til rúms á Norður-löndum og víðar á undanförunum árum. Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á alþjóðlegri hugmyndafræði og snýst um að fatlaðir einstaklingar sem þurfa varanlega aðstoð eigi rétt á því að stjórna lífi sínu sjálfir þrátt fyrir þörfina fyrir aðstoð annarra. Réttinn til sjálfstæðis megi tryggja með því að gefa fötluðu fólki kost á því að ráða sér aðstoðarfólk sem hjálpi viðkomandi einstaklingum eftir þörfum í daglegu lífi þeirra. Hugmyndafræðin gerir þannig ráð fyrir að fatlað fólk stjórni þjónustunni við sig sjálf, í stað þess að þiggja þjónustuna inni á stofnunum eða eftir forskrift þeirra.

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk greiðir sjóðurinn sveitarfélögum/þjónustusvæðum framlög vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og nemur heildarfjárveiting ríkisins til verkefnisins 317 m.kr.

Verkefnið fór hægar af stað en áætlað hafði verið. Á árinu 2012 voru 20 samningar gerðir um þjónustuna en þeir eru orðnir 54 á árinu 2013. Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemur að hámarki 20% af upphæð viðkomandi samnings. Við tillögu-gerð ráðgjafarnefndar sjóðsins um úthlutun framlaga til NPA er tekið mið af áætlun verkefnisstjórnar NPA að fenginni umsögn samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.

Faglegt og fjárhagslegt endurmat

Á grundvelli 11. og 12. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða, dags. 28. nóvember 2010, skal á árinu 2014 fara fram sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslu þjónustu við fatlað fólk og skal undirbúningur matsins hefjast á árinu 2013.

Sérstök verkefnastjórn hefur verið skipuð til að hafa umsjón með endurmatinu og eiga sæti í henni fulltrúar ráðuneyta, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Verkefnastjórnin hefur nú þegar tekið til starfa og hefur Lúðvík Geirsson verið ráðinn verkefnastjóri og hefur hann yfirumsjón með framkvæmd endurmatsins.

Fulltrúar verkefnastjórnarinnar hafa að undanförunu heimsótt þjónustusvæðin og kynnt fyrir þeim verkefni sem unnið er að með aðstoð KPMG um samræmt greiðsluuppgjör fyrir öll þjónustusvæðin varðandi rekstur málaflokksins. Undirbúningur þessa verkþáttar endurmatsins er nú á lokastigi og í fyrsta áfanga verður unnið samræmt uppgjör fyrir rekstrarárið 2012.

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Samhliða flutningi á málefnum fatlaðs fólks varð breyting á umsýslu þeirra fasteigna ríkissjóðs sem notaðar hafa verið til búsetu og þjónustu við fatlaða. Framkvæmdasjóður fatlaðra var formlega lagður niður 1. janúar 2011 en í stað hans var stofnaður Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tók yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðsins.

Starfsemi Fasteignasjóðsins skal miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteigna sem nýttar eru til búsetu fatlaðra og þjónustu við þá hvort sem um er að ræða kaup þeirra eða leigu.

Fasteignasjóðnum eru tryggðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er nema þeirri fjárhæð er rann áður til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á fjárlögum. Framlagið nam 378 m.kr. á árinu 2012. Jafnframt renna í Fasteignasjóðinn tekjur af sölu og leigu þeirra fasteigna sem sjóðurinn hefur umráðarétt yfir.

Á grundvelli laga nr. 165/2010 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, sbr. d-lið 2. gr. reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 578/2012, rennur söluandvirði fasteigna og aðrar tilfallandi tekjur Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skulu fjármunir nýttir til jöfnunar vegna búsetuþjónustu við fatlað fólk.

Fasteignamat þeirra fasteigna sem færðust til Fasteignasjóðsins nemur um 3.500 m.kr. Um er að ræða 76 íbúðar- og þjónustuhúsnæði vítt og breitt um landið. Strax í upphafi árs 2011 var unnin úttekt á ástandi flestra fasteigna sem sjóðurinn fékk forræði yfir en ástand þeirra var mjög mismunandi. Í kjölfarið hófust viðræður við sveitarfélögin um kaup eða leigu viðkomandi fasteigna.

Staða mála

Mikill meirihluti fasteignanna hefur nú verið seldur sveitarfélögum og þjónustusvæðum á hagstæðum kjörum að teknu tilliti til ástands þeirra. Þær fasteignir sem sveitarfélögin töldu sig ekki hafa not fyrir voru seldar á frjálsum markaði. Flest sveitarfélög hafa nýtt sér þá greiðslumöguleika sem fram koma í 6. mgr. 7. gr. samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá 23. nóvember 2010 um að greiða kaupverð eignanna með skuldabréfi til 25 ára með 2% vöxtum.

Þær 5 fasteignir sem eftir eru hafa verið leigðar sveitarfélögum tímabundið.

Efling tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til sveitarfélaga vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið- og framhaldsstigi.

Auk þess greiðir sjóðurinn, eftir því sem ráðstöfunarfjármagn hans leyfir, framlög vegna kennslukostnaðar nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags og stunda nám á grunnstigi í söng og hljóðfæraleik og á miðstigi í hljóðfæragreinum að uppfylltu því skilyrði að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Á grundvelli samkomulagsins er ráð fyrir því gert að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi á ársgrundvelli 480 m.kr. Vegna endurmats á fjárþörf verkefnisins nemur ráðstöfunarfjármagn sjóðsins nú 520 m.kr. Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuldbinda sveitarfélögin sig á móti til að taka tímabundið yfir ný verkefni frá ríki sem nema á samningstímanum samtals 498 m.kr. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur verið falið að standa skil á greiðslum sveitarfélaga vegna nýrra verkefna þeirra með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá framlögum úr sjóðnum.

Í upphafi verkefnisins voru gefnar út reglur sem innanríkisráðherra setti í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Reglurnar tóku gildi 31. ágúst 2011 og giltu fyrir skólaárið 2011 - 2012.

Þann 15. janúar 2013 tók gildi reglugerð innanríkisráðherra sem leysti reglurnar frá árinu 2011 af hólmi. Reglugerðin sem er nr. 23/2013 gildir um úthlutanir framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi frá og með skólaárinu 2012 - 2013. Reglugerðin felur í sér nokkuð breytta aðferðafræði sem einkum felst í því að úthlutun Jöfnunarsjóðs byggir nú á ítarlegri upplýsingum frá tónlistarskólum og sveitarfélögum um kennslumagn eftir tegund náms og námstigi í stað þess að vera föst fjárhæð á nemanda.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði í mars sl. starfshóp til að ræða mögulega framlengingu og/eða endurskoðun samkomulagsins. Samkomulagið er nú útrunnið en vonir standa til þess að innan tíðar liggja fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framlengingu þess.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2010 - 2014

Aðalmenn

Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi bæjarstjóri, formaður
Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Sveitarfélaginu Skagafirði
Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður og sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi

Varamenn

Jórunn Einarsdóttir, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjabæ, varaformaður
Halla Sigríður Steinólfisdóttir, sveitarstjórnarmaður í Dalabyggð
Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði
Albertína Elíasdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs 2010 - 2014

Aðalmenn

Lúðvík Geirsson, verkefnisstjóri, formaður
Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík
Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Varamenn

Hörður Hilmarsson, skrifstofustj. fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar
Gyða Hjartardóttir, félagsmálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins

Starfsmenn

Elín Pálsdóttir forstöðumaður
Elín Gunnarsdóttir sérfræðingur
Guðni Geir Einarsson sérfræðingur
Halldór V. Kristjánsson stjórnsýslufræðingur
Bergur Sigurjónsson sérfræðingur

Vefur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á vefsíðu Jöfnunarsjóðs, jofnunarsjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutanir framlaga og fleira.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutanir einstakra framlaga sjóðsins.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga


Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti, sbr. 4. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
 1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
 2. er nemur 0,95% til jöfnunar vegna málefna fatlaðra.
- d. Vaxtatekjur.

Á árinu 2012 var um að ræða viðbótarframlög frá ríki sem hér segir: Aukaframlag til að koma til móts við þau sveitarfélög sem áttu í miklum fjárhagserfiðleikum, framlag á grundvelli samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga.

Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 2007-2013

m.kr. á verðlagi hvers árs



Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 960/2010. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Á grundvelli reglugerðar nr. 960/2010 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðra.

Bundin framlög, skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

Bundin framlög 2008 - 2013 í m.kr.

	2008	2009	2010	2011	2012	Áætlun 2013
Samband ísl. sveitarfélaga	239	234	246	261	281	299
Landshlutasamtök	137	131	143	149	161	173
Innheimtustofnun sveitarfélaga	783	1.102	1.011	913	904	1.050
Umsjónarnefnd eftirlauna	6	6	5	5	4	3
Húsafriðunarsjóður	47	48	48	48	48	48
Samtals	1.212	1.521	1.453	1.376	1.398	1.573

Sérstök framlög, skv. 7. gr. Sérstök framlög eru greidd til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Á grundvelli sérstakra framlaga eru veitt eftirfarandi framlög:

- Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295/2003, með síðari breytingum. Með nýju ákvæði til bráðabirgða við reglurnar á árinu 2010 varð heimilt að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga fjárhagslega aðstoð sem samsvaraði eðlilegum kostnaði samtakanna við könnun og kynningu á mögulegum sameiningarkostum í viðkomandi landshluta. Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstígsins var umtalsverðum fjármunum varið til sameiningarmála á árunum 2005 - 2010.
- Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga: Hér eru talin með framlög vegna aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna úttektar á fjárhagsstöðu og rekstri sveitarfélaga.
- Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, með síðari breytingum: Bændasamtök Íslands annast stjórnslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum: Við útreikning framlaganna er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á viðkomandi ári.

- Framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum, sbr. reglugerð nr. 150/2013 og samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008: Á árinu 2012 námu heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum samtals 3.568,0 m.kr. og 1.136,5 m.kr. á sérstökum húsaleigubótum. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs var 54,0% vegna almennra húsaleigubóta en 60% vegna sérstakra húsaleigubóta. Með viðbótargreiðslu sem fram fer í október 2013 vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2012 mun kostnaðarþátttakan vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2012 hækka í 56,12%. Á árinu 2013 nemur áætluð kostnaðarþátttaka vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum 64,0% að teknu tilliti til viðbótarframlags vegna aðlögunar að nýjum húsnæðisbótum. Kostnaðarþátttaka vegna sérstöku húsaleigubótanna er 60%.
